



**24. fundur bæjarráðs Norðurlþings
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlþings,
fimmtudaginn 15. september 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Jón Helgi Björnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Trausti Aðalsteinsson, Olga Gísladóttir, Bergur Elías Ágústsson, Guðbjartur Ellert Jónsson,

Fundargerð ritaði: Guðbjartur Ellert Jónsson, Fjármálastjóri - staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. 201108050 - Erindi frá hljómsveitinni Skálmöld

Fyrir bæjarráði liggur erindi frá Snæbirni Ragnarssyni f.h. hljómsveitarinnar Skálmöld.

Hljómsveitin réðst í það verkefni að gefa út "almennilega" plötu, en slíkt verkefni er ekki ódýrt og því ekki undarlegt að lítt þekktar sveitir kjósi að fara aðrar leiðir, oft sættir fólk sig við eitthvað minna en það besta. Eðlilega já, en þetta verður oft banabiti, útkoman verður ekki alveg sú sem ætlast var til og það eyðileggur bæði ánægju þeirra sem hlusta og slekkur eldmóð listamannanna.

Með þessa vitneskju (og nokkur kíló af biturri reynslu fyrri verkefna kannski) í bakbókunum réðs hljómsveitin í þetta allt of stóra verkefni. Hljómsveitin þurfti peninga, allgóða summu, og það strax. Á stuttum fundi hljómsveitarmeðlima var lagt á ráðin og stefnan varð strax mjög skýr, sem Þingeyingar hlaut fyrsta val að leita á heimaslóðir. Hljómsveitarmeðlimir leituðu til fyrirtækja og stofnana sem tók erindi þeirra vel og var gatan greið. Eldmóður hljómsveitarmanna jókst enn frekar og því var hægt að halda áfram og gefa út plötu. Þetta setti tóninn fyrir hljómsveitina Skálmöld því síðan hefur hún hvergi slegið af. Platan "Baldur" er sennilega söluhæsta plata Íslandssögunnar í sínum geira, hún hefur nú þegar verið gefin út um allan heim og að baki eru þrjár tónleikaferðir til útlanda, auk fjölmargra tónleika hér heima. Framundan er mánaðarlangur Evróputúr, "Heidenfest" með erlendum böndum sem sum hver eru með stærri nöfnun innan sömu tónlistarstefnu og Skálmaldar.

Nú kann það að hljóma svo að hljómsveitin sé farin að græða stórfé á uppátækinu. Staðreyndin er hins vegar sú að það hallar mjög í hina áttina. Þegar hljómsveit hyggst skapa sér nafn á erlendri grundu er það þolinmæðisverk og lítið í spilunum fjárhagslega. Staðsetning hljómsveitarinnar hér uppi á Íslandi hjálpar heldur ekki til, ferðalögin eru stór biti. Þó stutt sé við bakið á hljómsveitinni er ljóst að endar ná ekki saman. Ekki er það ætlun hljómsveitarinnar að gefast upp - Ó nei, ekki frekar en áður.

Þó svo að það sé aldrei gaman að biðja um fjárframlög ætlum við að láta á það reyna og snúa okkur á ný þangað sem hjartað slær. Því er þetta erindi eitt af þó nokkrum sem við höfum sent stjórnendum fyrirtækja í Norðurlþingi með von um



fjárhagslegan stuðning. Í skiptum fyrir fjárstuðning ætlum við ekki að lofa neinu öðru en að reyna að vera okkar heimaslóð til sóma eftirleiðis sem hingað til.

Bæjarráð þakkar fyrir greinagott erindi og felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

2. 201109032 - Grænuvellir - umsókn um aukningu á stöðuhlutfalli vegna stuðnings

Fyrir bæjarráði liggur erindi sem var vísað til afgreiðslu frá fræðslu- og menningarnefnd. Í erindinu, sem kemur frá leikskólastjóra Grænuvalla, er farið fram á aukafjárveitingu að upphæð 990.000.- krónur vegna aukins stuðnings við nemanda. Fræðslu- og menningarnefnd leggur til við bæjarráð að veita aukafjárveitinguna sem er fyrir árið 2011.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi beiðni.

3. 201109038 - 137. fundur Heilbrigðisnefndar norðurlands eystra

Fyrir bæjarráð liggur fundargerð 137. fundar Heilbrigðisnefndar norðurlands eystra. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 201106039 - PCC - Iðnaðarstarfsemi á Bakka

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri, fór yfir og kynnti lokadrög að viljayfirlýsingu milli PCC og sveitarfélagsins Norðurbings vegna orkufreks iðnaðar á Bakka. Um er að ræða kísilverksmiðju með allt að 66 þúsund tonna ársframleiðslu. Í viljayfirlýsinguinni kemur fram hvernig framkvæmd skuli áræðanleikakönnun á hinum ýmsu þáttum er varðar fyrirhugaða starfsemi. Þeir þættir sem verða skoðaðir eru, lóð, vegur milli iðnaðarsvæðis og hafnarsvæðis, vatnsveita, hitaveita, fráveita, nauðsynleg hafnaraðstaða, athafnasvæði við höfn og samfélagsgreining á áhrifum starfseminnar á samfélagið. Viljayfirlýsing þessi gildir til 1. maí 2012 þá á greiningu á þessum þáttum að vera lokið.

Bæjarráð vísar fyrirliggjandi viljayfirlýsingu til umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Bæjarráð vísar fyrirliggjandi drögum að lóðaleigusamning til umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn.

5. 201109023 - Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012

Fyrir bæjarráði liggur vinnutilhögun að fjárhagsáætlunargerð ársins 2012 ásamt tekjugreiningu ársins 2011. Bæjarstjóri fór yfir og kynnti vinnutilhögun vegna fjárhagsáætlunargerðar ársins 2012. Bæjarráð samþykkir vinnutilhögunina og felur bæjarstjóra að koma henni áfram til ráða og nefnda ásamt því að kynna hana stjórnendum stofnana sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50